



REGNBOGINN
- leikskóli -



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2023-24
Starfsáætlun 2024-2025

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Rekstraraðili er *Gaudium ehf.*

Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn á aldrinum frá 1 - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir. Stefnan lítur svo á að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggióskóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia.

Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

*Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun*

Við teljum að ofantalin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.

Gildi Regnbogans eru:

Virðing - Gleði - Umhyggja

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk



Útskriftarhópurinn 2024

Árgangur 2018, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

Að hvert og eitt barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir til að tileinka sér færni og þekkingu.

Efnisyfirlit:

Innihald

Regnboginn.....	2
Leiðarljós Regnbogans.....	3
Áherslur í starfi leikskólans.....	5
Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans	7
Greinargerð Gulu deildar um starfið skólaárið 2023-2024.....	9
Efniviður og umhverfi.....	9
Skapandi starf í útiveru.....	9
Skapandi starf í anda Reggíó Emilia	10
Greinargerð Rauðu deildar um starfið skólaárið 2023-2024	12
Greinargerð Grænu deildar um starfið skólaárið 2023-2024	17
Innra og ytra mat skólaárið 2023-2024	23
Innra mat:.....	23
Ytra mat:	24
Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar.....	25
Samstarf	27
Lokaorð.....	29
Fylgiskjöl	30

Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - Mál- og lesþroski - Skapandi starf
eru þrjár megin stoðir í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum

Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Lögð er áhersla á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Rammar og reglur höfða til skynsemi barnanna svo þau öðlist innri aga. Áhersla er á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við erum til staðar og hjálpum barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áræði og gleði. Í daglegu starfi er lögð rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannsiði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfstjórn barnsins, innri aga og ró.



Mál- og læsi

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám (sjá nánar á næstu síðu).



Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með börnum á öllum deildum Regnbogans. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið fram í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.



Skapandi starf í anda Reggio-stefnunnar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema. Reggio stefnan er í anda Menntastefnu borgarinnar þar sem barnið er virkur þátttakandi í öllu skólasterfi.



Námskrá Regnbogans er fljótandi námskrá og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrirfram en stundin oftast gripin. Þó erum við, að nokkru leyti, með formlegra og verkefnaþæðra nám á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á *Tilfinningalega styðjandi umhverfi*, Mál- og lesþroska og *Skapandi starfi í anda Reggio Emilia*.

Það er mikil áskorun hvers kennara að styðja nám og uppgötvun barna í þeim kringumstæðum sem skapast, hvetja og efla til rannsókna, fylgja eftir og að gera meira með hugmyndir sínar. Það er ósk okkar að leikskólinn sé lifandi náms- og lærdómssamfélag barna og fullorðinna.

Markmiðið okkar er alltaf að gera gott skólasterf enn betra.

Greinagerð skólastjóra um starf Regnbogans

Hlutverk okkar sem í leikskólanum starfa er að skapa börnum skólans tilfinningalega styðjandi umhverfi og góðar aðstæður til leikja og uppgötvunarnáms í samvinnu og sátt við fjölskyldur barnanna. Við lítum þannig á að öll börn séu máttug og mikilhæf með fjölbreyttar eigindir og hæfileika til þroska.

Leikskólastarf í Regnboganum

Við stofnun leikskólans var lagt upp með þrjú megin markmið. Þau voru að leikskólinn væri **bjartur og flæðandi, heimilislegur og notalegur** og síðast en ekki síst að **leik- og kennslurými myndi nýtast inn á deildum**. Þessi markmið hafa verið leiðarsljós allar götur síðan og oft það fyrsta sem foreldrar og aðrir gestir segja þegar þeir koma inn í Regnbogann er einmitt hvað hann er heimilislegur og notalegur. Það er samvinnuverkefni allra sem koma að Regnboganum að skapa það vinalega og heimilislega andrúmsloft sem hér ríkir þar sem gildin okkar virðing, gleði og umhyggja eru leiðarljós okkar í öllum samskiptum.

Mannauðsmál

Líkt og fyrri ár var Regnboginn vel mannaður á starfsárinu, bæði af fagfólki og leiðbeinendum. Ákveðin endurnýjun var að hausti m.a. þar sem leiðbeinendur hófu nám að nýju osfrv. Við vorum vel mönnuð af háskólanemum sem koma bæði á reglulegar vaktir og svara þess að auki kalli ef þörf krefur, en enn meiri þörf er á auka mannskap eftir vinnustyttingar. Veikindaleyfi voru umtalsverð á skólaárinu sem höfðu bæði mikinn kostnað og aukið álag í för með sér.

Fræðsla til starfsfólks

Áframhaldandi markmið á þessu skólaári var að efla stjórnendur sem faglega leiðtoga. Liður í því var að 3 kennarar fóru á námskeið til Reggíó Emília á Ítalíu í apríl til að dýpka þekkingu sína á Reggíó fræðunum. Um er að ræða 5 daga námskeið sem farið var í fræðin frá morgni til kvölds. Kennararnir munu kynna ferðina fyrir starfsfólki á skipulagsdegi.

Á skipulagsdögum var m.a. farið í efnið um kynbundið/kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, ærslaleikur var skoðaður, Uppeldi í Regnboganum; áskoranir og bjargir. Bryndís Gunnarsdóttir (doktorsnemi við HÍ) kom til okkar með fyrirlestur um yngstu börnin og námskeið um Slysavarnir barna með Herdísi Storgaard var á sínum stað.

Endurnýjun á skólaári

Vor og sumarleyfi 2024 var nýtt til málningar, bæði innan dyra sem utan. Þá höldum við áfram að meta og skoða hvort og hvernig við getum nýtt starfssvæði okkar og barnanna á sem allra besta máta til að skólastarfið flæði sem best. Þá var aðstaða fyrir starfshlé starfsmanna var endurbætt með nýjum húsgögnum.

Skólastjóri flutti skrifstofu sína í minna hebergi til að útbúa betri aðstöðu fyrir undirbúningsrými kennara/stjórnenda á gömlu skrifstofunni. Öpið svæði með geymslurými

fyrir skapandi starf var endurskipulagt og hafa nú hljóðfærin okkar betra rými. Þá var eldri efniviður og gögn yfirfarin og allsherjar tiltekt fór fram.

Skapandi starf í útiveru

Við byrjuðum á þessu markmiði á vormánuðum skólaársins 2023-24. Þá héldu deildarstjóri Gulu deildar og sérkennslustjóri fyrirlestur um hlutverk starfsmanna í útiveru. Okkur fannst kominn tími á að hrista aðeins upp í útináminu og minna starfsfólk á að skapandi starf fer fram jafnt úti sem inni. Á fyrirlestrinum sem bar heitið „Skapandi starf í útiveru“ voru eftirfarandi markmið sett: *Að skapandi starf sé sýnilegt í útiveru – Að starfsfólk fái hugmyndir og verkfæri í hendurnar til að nýta í útiveru – að starfsfólk sýni fúmkvæði að þátttöku í leik og námi barnanna úti.*

Eftir fræðslu um mikilvægi útináms og tækifæri til skapandi starfs í útiveru var farið í hópavinnu þar sem hver hópur kom með hugmyndir að skapandi starfi í útveru allan ársins hring, í öllum veðrum og fyrir alla aldurshópa. Hóparnir kynntu síðan hugmyndir sínar. Vinnan gekk vel og margar hugmyndir söfnuðust saman.

Unnið var úr hugmyndunum og búinn til hugmyndabanki að skapandi í starfi allan ársins hring. Til að hjálpa starfsfólki að halda utan um verkefnið í daglegu starfi útbjuggu deildarstjórar skráningarblað sem þar sem starfsmenn skráðu niður hvaða stöðvar þeir störtuðu í útiveru og hvernig gekk. Það veitti ákveðið aðhald að skrá hvað var gert. Verkefnið fór vel af stað og var gaman að sjá starfsfólk taka vel við sér í skapandi starfi í útiveru.



Regnboginn leikskóli

-innra mat deildanna

Greinargerð **Gulu** deildar um starfið skólaárið 2023-2024

Yngsta deild skólans heitir Gula deild og dvelja þar 17 börn. Skólaárið 2023-24 voru sex börn fædd 2021 og 11 börn fædd 2022.

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsdögum.

Efniviður og umhverfi

Markmið á skólaárinu var að endurskoða efnivið og húsgögn á deildinni. Við byrjuðum á því að losa okkur við borð sem hentaði ekki aldurshópnum á deildinni. Í staðinn tókum við inn minna borð sem við áttum í húsinu og bættum líka við Ikea Flisat borði sem hefur nýst vel í ýmiskonar skynjunarleik. Við fengum líka nýja hillu sem nýttist vel til að létta á dóti úr vegghillum. Börnin voru afar áhugasöm um eldhúisleik og ákváðum við því að útbúa heimiliskrók á deildinni. Krókurinn kom vel út en við komumst að því að þessi leikur á betur heima inn í herbergi þar sem rýmið heldur betur utan um leikinn. Rýmið á deildinni er í stöðugri endurskoðun og erum við duglegar að breyta og prufa nýjar uppsetningar. Enda er það í anda stefnunnar að skapa verður leikskóladeildina með aldur og þroska barnanna í huga og eftir því var áhugi barnanna hverju sinni liggur.

Skapandi starf í útiveru

Við byrjuðum á þessu markmiði á vormánuðum skólaársins 2023-24. Þá héldu deildarstjóri Gulu deildar og sérkennslustjóri fyrirlestur um hlutverk starfsmanna í útiveru. Okkur fannst kominn tími á að hrista aðeins upp í útináminu og minna starfsfólk á að skapandi starf fer fram jafnt úti sem inni. Á fyrirlestrinum sem bar heitið „Skapandi starf í útiveru“ voru eftirfarandi markmið sett: *Að skapandi starf sé sýnilegt í útiveru – Að starfsfólk fái hugmyndir og verkfæri í hendurnar til að nýta í útiveru – að starfsfólk sýni fúmkvæði að þátttöku í leik og námi barnanna úti.*

Á Gulu deildinni var ákveðið að eyrnamerkja einni vakt það hlutverk að starta skapandi starfi í útiveru. Starfsfólki yngstu deildarinnar eru auðvitað ákveðnar skordur settar vegna aldurs barnanna og þörf þeirra á stöðugu eftirliti og umönnun. En það er samt margt sem við gátum gert og alltaf meira og meir eftir því sem leið á árið og þorski og þarfir barnanna breyttist. Vel gekk að starta verkefninu á deildinni og allskonar skemmtilegt sem við tókum okkur fyrir hendur.



Skapandi starf í anda Reggíó Emilia

Allan ársins hring metum við starfið okkar með áherslu á skapandi starf í anda Reggíó Emilia. Við reynum eftir bestu getu að leggja áherslu á flæðið og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu. Hópurinn okkar í ár samanstóð af afar áhugasömum lestrarhestum. Í lestrastundum gátum við stundum lesið hátt í 40 mínútur án þess að börnin yrðu leið á lestrinum. Sagan um geiturnar þrjár vakti áhuga barnanna og unnum við áfram með söguna í stöðvavinnu. Við lásum söguna bæði á hefðbundinn hátt og með leikrænum tilburðum og þar til gerðum leikmunum. Söguskjóða leit dagsins ljós með þremur geitum, vatni, grasi og ægilegu trölli sem sumir vildu þó meina að liti út eins og aldraður Einar Áskell. Myndir af geitum og tröllum dúkkuðu upp á veggjum deildarinnar börnunum til mikillar gleði. Sagan greip börnin strax og smitaðist fljótlega yfir í leikinn hjá þeim sem var gaman að sjá. Við unnum með geiturnar á ýmsum stöðvum. Á listastöð teiknuðu börnin geitur og bjuggu til sína útgáfu af annaðhvort geitum eða trölli.



Í apríl 2024 fór deildarstjóri Gulu deildar ásamt kennara af Rauðu deild og skólustjóra í námsferð til Reggíó Emilia. Um er að ræða vikulangt námskeið þar sem farið er bæði í fræði og praktík Reggíó fræðanna. Það er alltaf jafn gaman og gagnlegt að fara í svona námsferð sem veitir manni nýjan innblástur í faglegt starf. Rauði þráðurinn í öllum starfi í Reggíó er að leggja áherslu á flæðið sem börnin fara í gegnum í námi sínu og að skapa börnum fjölbreytt og skapandi umhverfi þar sem allir geta látið ljós sitt skína. Aðal innblástur minn eftir námsferðina er að leggja enn meiri áherslu á að gefa börnunum nægt rými í flæði í leik og námi og að viðfangsefni hæfi þroska yngstu barnanna. Við erum alltaf að reyna draga úr færibandavinnu og framleiðslu og verður það áframhaldandi áhersla á næsta skólaári.



Umbótaáætlun *Gulu* deildar fyrir starfsárið 2024-25

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf í anda Reggíó Emilía	Allan ársins hring metum við starfshætti leikskólans í takt við skapandi starf í anda Reggíó Emilía	Sjá punkt hér að neðan	Deildarstjóri	2024-2025	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir	Starfið á deildinni er í takt við Reggíó Emilía stefnuna þar sem áherslan er á flæði og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu.
Skapandi starf í anda Reggíó Emilía	Áframhaldandi áhersla á flæði í skapandi starfi sem hæfir þroska og getu yngstu barnanna.	Draga enn meir úr viðfangsefnum á listastöð þar sem einkennast af færbandavinnu og framleiðslu f. námsbók	Deildarstjóri Starfsm. deildar	2024-2025	Deildarfundum	
Gildis-vinna Á skóladagatali er eitt gildi tileinkað tveimur mánuðum í senn	Vinna markvisst með gildin í á þeim tíma sem þau tilheyra	Hver stjórnandi tekur að sér eitt gildi og safnar saman hugmyndum, efnivið og verkefnum tengdum viðkomandi gildi.	Kennarar	2024-2025	Áður en mánuður viðkomandi dyggðar hefst kynnrir kennari hugmyndapakka sem deildar geta unnið með í takt við aldur og þroska hverju sinni	Gildin eru höfð að leiðar ljósi og þeim gefið mera vægi í daglegu starfi.

Greinargerð **Rauðu** deildar um starfið skólaárið 2023-2024

Mið deild skólans heitir Rauða deild og dvelja þar að jafnaði 28 börn. Börn fædd árið 2020 voru 17 talsins og börn fædd 2021 voru 11 talsins. Fimm starfsmenn starfa inn á deildinni en fjórir þegar það er undirbúningstími deildarstjóra og kennara.

Nýjar áherslur með nýju starfsfólki

Skólaárið 2023-2024 var að vissu leyti ár breytinga fyrir Rauðu deild. Ný deildarstjóri, Erna Agnes Sigurgeirsdóttir, tók við deildinni um sumarið og nýr leikskólakennari, Guðný Sverrisdóttir, tók einnig til starfa í september sama ár. Því fylgdu eðli málsins samkvæmt nýjar hugmyndir og breytingar. Teknar voru ákvarðanir um skipulag deildarinnar og leyfa frjálsa leiknum að njóta sín enn betur.

Frjáls leikur, flæði og útinám

Hugmyndafræði fræðimannsins *Csíkszentmihályi* um flæði var einnig rædd og komist að því að hún hentaði vel til að efla leik barnanna og frjálsræði þeirra. Rými voru opnuð og börnunum gert kleift að finna sinn takt í leiknum og ákveða sjálf hvar og hvernig þau vildu leika.

Því fylgdu vissulega meiri kröfur á starfsfólk sem þurfti að vera mjög vakandi fyrir þörfum einstaklingsins og þekkja hvert og eitt barn vel. Í flæði er lagt upp með að börn nái ró, gleymi stað og stund og leiki sér með efnivið sem er opinn og ögrar ímyndunarafli þeirra. Almennt séð gekk þetta mjög vel en vissulega tekur tíma að þróa starf með þessari áherslu og því var þetta ár einskonar fyrsta skref fyrir framhaldið. Við endurskoðuðum ferlið og flæðið inn á deild með reglulegu millibili á deildarfundum. Stefnt er að halda áfram að innleiða flæðishugsun inn á Rauðu deildina með haustinu og nýjum barnahóp.





Útinámi var gefið meira rými í skipulagi á Rauðu deild. Guðný Sverrisdóttir leiddi það verkefni enda mikill útinámsfrömuður með heljarinnar reynslu. Eldri hóp var skipt í tvennt, Risaeðlur og Stjörnur. Hver hópur fór annan hvern þriðjudag í ferð utan leikskóla. Það gekk mjög vel og mikill árangur náðst hjá börnunum sem hlökkudu til útinámsins og spurðu oft hvort ekki sé örugglega „útinámsdagur í dag“.

Báðir hópar fóru svo í skipulagðar vettvangsferðir með strætó. Farið var í Grasagarðinn og í Safnahúsið þar sem skoðuð voru verk Doddu Maggýjar en hún hafði verið partur af þema janúar og febrúar mánaða.

Útináminu fylgdi ein mesta breytingin á deildinni enda þurfti að skoða skipulag og allir þurftu að hjálpast að til að tveir kennarar kæmst einu sinni í viku með 8-9 börn út fyrir garðinn. Það gekk heldur betur vel og við erum afskaplega stolt af þessu verkefni okkar og stefnt verður að halda þessu áfram næsta skólaár.



Skapandi starf í útiveru:

Skapandi starf í útinámi var ekki fastur liður í vikuskipulagi en engu að síður mikilvægur þáttur í starfinu. Gripin voru þau tækifæri sem gáfust s.s. vinna með náttúrupensla, skapandi efniviður tekinn með í gönguferðir, haustverkefni með laufblöð, málað á snjó og klaka, stimplað með fiskum, vatnslitir í boði úti svo fátt eitt sé nefnt.



Lögð var áhersla á að starf deildarinnar litaðist af hæglæti og hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem börnin fá að uppgötva og leika sér í rólegheitunum og á sínum forsendum. Það var síðan okkar kennarana að grípa þeirra bolta og koma hugmyndum þeirra á framfæri. *Krummaþema* og *Ljós, skuggar* og *Dodda Maggý* voru þemaverkefni annarinnar sem tekinn var dágóður tími í og hlustað á vilja og hugmyndir barnanna í þróun þeirra.

Upplýsingaflæði og skipulögð verkefni



Sendur var póstur einu sinni í viku til foreldra þar sem stiklað var á stóru hvað á daga okkar hefði drifið þá vikuna. Þetta var gert til að gera starf barnanna enn sýnilegra og efla umræðu heima fyrir um hvað barnið var að upplifa og læra í leikskólanum. Þetta er mikilvægur þáttur í málörvun og inngildingu barna í samfélagið; raddir þeirra fá þarna að hljóma og þeirra upplifun skiptir máli. Hér skipti líka máli að tengja saman heimili og skóla.

Lubbi og Blær voru síðan vitaskuld fastagestir inn á deild. Lubbi kom vikulega en Blær kom oft í viku. Hugmyndafræði Vináttu Barnaheilla litaði í raun allt starf inn á deildinni. Börnin lærðu snemma að segja Stopp í aðstæðum sem þeim leið ekki vel í. Partur af því var ærslaleikurinn sem tekinn var upp á þessu skólaári en þar lærðu börn að setja sín eigin mörk, bíta á jaxlinn og æfa sig í ýmsum samskiptum. Ærslaleikurinn er í miklum vexti innan fræðaheimsins og þá sérstaklega með rannsóknum Hugrúnar Helgadóttur á samskiptum yngsu barnanna í ærslaleik.¹



¹ Hugrún Helgadóttir og Hrönn Pálmadóttir. 2024. „Fyrstu skref í samleik: Starfendarannsókn um samskipti ungra barna í ærslaleik.“ *Birtist á Skólalátráðum*. [Fyrstu skref í samleik – Starfendarannsókn um samskipti ungra barna í ærslaleik \(skolathraedir.is\)](#)

Umbótaáætlun **Rauðu** deildar fyrir starfsárið 2024-2025

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Starf í anda Reggíó Emilía	Allan ársins hring metum við starfshætti leikskólans í takt við skapandi starf í anda Reggíó Emilía. Áhersla á ferli frekar en afurð..	Fræðsla og umræður um Reggíó, flæði og ferli í stað niðurstöðu.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 2024-25	Deildarfundir Deildarstjórafundir Fagfundir	Starfið á deildinni er í takt við Reggíó Emilía stefnuna þar sem áherslan er á flæði og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu.
Flæði og hæglátt leikskólastarf	Auka rölegheit í leik – meiri núvitund. Halda flæði áfram og opnum leikrymum fyrir eldri hóp á morgunna. Bjóða yngri hóp í samveru fyrr útiveru Nýta rýmið betur sem þriðja kennarann	Auka fræðslu um hæglátt leikskólastarf til starfsfólks á gólfinu og umræður um flæði inn á deild auk mikilvægi frjálsa leiksins. Draga starfsfólk meira inn í skipulagningu og stöðvavinnu með frjálsa leiknum og flæðinu. Áframhaldandi fræðsla um rýmið sem þriðja kennarann og auka ábyrgð kennara á deild að lesa í umhverfið og vita hvenær þarf að breyta til í leik og styðja við börn í vali og hjálpa að staldra við ef þarf.	Deildarstjóri Leikskólakennarar	2024-25	Deildarfundir og fagfundir kennara á deildinni. Skráningar á leik barnanna með það að markmiði að sjá aukið flæði og ró í leik.	Starfsmenn eru virkir þátttakendur og styðja börnin í að þekkja sín mörk og hvar þau vilja leika og með hvað. Aukið frumkvæði starfsfólks í skipulagningu á leik. Aukin rölegheit.
Útinám	Áframhaldandi útinám út fyrir lóð og leggja líka áherslu á útinám í garðinum eftir hádegi með eldri hóp. Fastur punktur í vikuskipulagi.	Útinám er með sérstakt pláss í vikuskipulagi eins og verið hefur.	Deildarstjóri og leikskólakennari á deild.	Starfsárið 24-25	Deildarfundir og skráningar á útinámi.	Skráningar
Sjálfs hjálp og sjálfræði	Áframhaldandi áhersla á sjálfs hjálp í matartíma og fataklefa.	Fræðsla til starfsfólks og aukin hvatning.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 24-25	Deildarfundir	Eftirfylgni og mat sýnir að börnin hafa aukið sjálfstraust og eflst í að bjarga sér sjálf. Þau eru duglegri að smakka.

Samskipti og Blær	Að nota Blæ sem útgangspunkt í fræðslu um tilfinningar og samskipti.	Auka fræðslu um Blæ til starfsfólks og hvernig hægt er að nota efnið til að fræða þegar aðstæður koma upp. Í takt við það sem er að gerast.	Deildarstjóri og leikskólakennari	Starfsárið 24-25	Umræður á deildarfundum	Skráning á samskiptum og umræður og eftirfylgni.
Gildis-vinna Á skóladagatali er eitt gildi tileinkað tveimur mánuðum í senn	Vinna markvisst með gildin í á þeim tíma sem þau tilheyra	Hver stjórnandi tekur að sér eitt gildi og safnar saman hugmyndum, efnivið og verkefnum tengdum viðkomandi gildi.	Kennarar	2024-2025	Áður en mánuður viðkomandi dyggðar hefst kynnir kennari hugmyndapakka sem deildar geta unnið með í takt við aldur og þroska hverju sinni	Gildin eru höfð að leiðar ljósi og þeim gefið mera vægi í daglegu starfi.
Stuttur kynningarfundur við deildarskipti	Foreldra barna sem eru að flytja um deild kynnist betur umhverfi og starfsfólki nýju deildar	Haldin er stuttur kynningarfundur þar sem starfsmenn nýju deildar eru kynntir og farið lauslega yfir helstu breytingar á nýrri deild.	Deildarstjórar Rauðu og Grænu deildar	Skólaárið 2024-25	Foreldrakönnuna?	Foreldrar nýrra barna finni fyrir öryggi að börnin flytji milli deilda og þekki starfsfólkið á deildinni.

Greinargerð **Grænu** deildar um starfið skólaárið 2023-2024

Elsta deild skólans heitir Græna deild og dvelja þar 30 börn. Skólaárið 2023-2024 dvöldu þar 14 börn fædd 2018 (7 drengir, 7 stúlkur), 16 börn fædd 2019 (10 drengir, 6 stúlkur).

Við endurmetum og ræðum sýn okkar, áherslur og aðferðir í starfi Regnbogans oft á ári. Endurmatið fer fram á deildarfundum, deildarstjórafundum og á starfsdögum.

Skapandi starf í anda Reggio Emilia

Í umbótaáætlun síðasta árs var stefnt að því að bæta skipulag og flæði á deildinni og efla fræðslu um starf í anda Reggio Emilia, með það að markmiði að auka skilning og færni starfsmanna. Áfram var stefnt að því að leggja áherslu á að gera nám barnanna sýnilegt með myndrænum og skriflegum skráningum, en skoða jafnframt hvað það er sem verið er að skrá- og skrá frekar námsferli en viðburði. Að auki var ákveðið að senda áfram reglulega skráningar í formi fréttabréfs til foreldra/forráðamanna.

Bætt skipulag og flæði í starfi í anda Reggio Emilia

Á Grænu deildinni eru elstu börnin í leikskólanum. Í upphafi þessa skólaárs gerðum við breytingar á borðum og stólum á deildinni. Nýjir stólar voru keyptir á deildina og tvö af þremur borðum voru lækkuð. Annað til að passa sethæð barnanna betur á nýju stólunum og hitt var lækkað í hæð sem börnin geta kropsið við. Með því varð til nýtt leiksvæði þar sem við höfum reglulega sett upp kveikjur/leikboð sem hefur reynst mjög vel.



Eins og fyrri ár höfum við fært til og endurskipulagt hillur og leiksvæði í þeim tilgangi að gera allan efnivið aðgengilegri og skapa börnum og starfsmönnum gott vinnuumhverfi. Einnig höfum við reynt að vinna út frá áhuga barnanna hverju sinni og skapa þeim umhverfi og efnivið sem hentar hverju sinni.

Við reyndum eins og kostur var að hafa frjálst flæði í öllu stafi á deildinni, en þurftum þó að styðjast við stýringar á svæðum innan deildarinnar vegna barna sem þurftu aðstoð í félagslegum samskiptum og hentaði frjálst flæði ekki eins vel og öðrum.



Skapandi starf í anda Reggíó Emilía – skráningar

Skráningar skipa stóran sess í starfi leikskólans. Hópstjórar sáu um að gera skráningar fyrir námsbækur barnanna og skoðuðu gagnrýnið hvað það var sem verið var að skrá og lögðu áherslu á að skrá frekar námsferli barnanna í námsbækurnar en staka viðburði.

Til að auka upplýsingaflæði til foreldra voru send út regluleg fréttabréf (SWAY). Í þeim voru skriflegar og myndrænar skráningar af upplifun og námi barnanna í leikskólanum. Þar var til að mynda fjallað um daglegt starf, útinám, afmæli barnanna, stöðvavinnu, ferðir og uppákomur í leikskólanum o.fl. Fréttabréfin teljast partur af þeim skráningum sem gerðar eru á námi og starfi barnanna á deildinni.

Starfsmenn eru sammála um að vel hafi tekist að vinna að ofangreindum umbótaþáttum á árinu. Mögulega verður fyrirkomulag skráninga þó skoðað og endurmetið á næsta skólaári.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess vel að halda jákvæðri sýn á börnin og muna að þau búa öll yfir sköpunarkrafti og hugmyndum. Vera dugleg að vinna með börnunum – rannsaka með þeim, læra, hlusta, skrá, taka þátt og ígrunda bæði kennslu og nám.
- Barn þroskast í samtali við umhverfið sem það er í. Halda áfram að vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta í umhverfinu hjá okkur á deildinni.
- Endurhugsa ferli í kringum skráningar, skoða hvar hægt er að gera breytingar til að minnka álag.



Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Í umbótaáætlun síðasta árs voru sett þau markmið að styðja betur við þau börn sem glíma við hegðurnarvanda og/eða vanlíðan og auka gæði í samskiptum milli barna og milli barna og fullorðinna. Lagt var upp með að starfsfólk væri góðar fyrirmyndir, aðstøði börn í leik og kenni samskipti. Einnig að starfsfólk væri á staðnum og gripi inni áður en samskipti yrðu erfið. Markmiðið var að aukinn félagsþroska og stuðla að jákvæðari samskiptum milli barnanna og skapa meiri ró á deildinni.



Áfram var unnið, líkt og undanfarin ár, með Vináttuverkefni Barnaheilla. Hvert barn á sinn Blæ bangsa, sem alltaf eru aðgengilegir. Yngri barnahópurinn var með sína bangsa með í hvíldartímum og báðir hópar tóku bangsana sína gjarnan með í leik.



Undanfarin ár höfum við unnið markvisst með vináttuverkefni, sem þróað var út frá forvarnarverkefni Vöndu Sigurgeirsdóttur og Vináttuverkefni Barnaheilla, þar sem rík áhersla er lögð á *vináttu*, *samskipti* og *samvinnu*. Verkefnið hefur reynst vel og áfram var unnið með það á þessu skólaári. Við höldum vinfundi með börnunum (í aldurskiptum hópum), lögðum inn hugtök og unnum með þau í samvinnuleikjum, verkefnum og leikþáttum. Þessi vinna með vináttuna stuðlaði að jákvæðari samskiptum og samvinnu meðal barnanna á deildinni og var m.a. góður grunnur fyrir vinnu elstu barnanna að leikriti, sem þau settu upp á skólaárinu.

Tækifæri til umbóta

- Halda áfram með vináttuverkefnið, endurmeta og breyta/bæta ef þarf.



Mál og læsi

Markmið skólaársins var að gæta þess að markviss vinna með Lubba námsefnið dytti ekki niður hjá börnunum á Grænu deildinni, gera meira úr Lubbastundum og vinna með efnið á fjölbreyttari hátt og jafnvel tengja nýtt námsefni, Stafagaldur, við mál og læsisvinnunna.

Lubbi finnur málbein

Unnið var með Lubba námsefnið, í aldurskiptum hópum, líkt og undanfarin ár. Sérstök Lubbastund var einu sinni í viku þar sem farið var yfir máhljóð vikunnar.

K-PALS

Börnin í eldri hóp fóru í K-PALS lestrarþjálfun. K-PALS er svokölluð félagakennsla, þar sem börnin vinna saman í pörum (raðað eftir niðurstöðum úr HLJÓM-2) og er hugsuð til að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af börnum með jafningjamiðlaðri nálgun. Hópstjórar kenndu stundirnar ásamt sérkennslustjóra. K-PALS kennslustundirnar hafa reynst vel og kölluðust gildi þeirra og vinnureglur vel á við vináttuverkefnið sem unnið var með börnunum á deildinni.

Námsefni fyrir Stafagaldur var undirbúið á skólaárinu, en ekki náðist að koma því í notkun. Það er því tilbúið fyrir næsta skólaár.

Tækifæri til umbóta

- Vinna meira/nánar með máhljóðin. Skoða mögulega fleiri kennsluaðferðir.
- Nota *Gefðu 10* til að styrkja þau börn sem þurfa á sérstakri málörvun að halda.

Aðrir umbótaþættir

Útinám/gönguferðir

Sett var markmið að auka fjölbreytni, efla náttúrulæsi og fækka heimsóknum á leikvelli í gönguferðum. Vanir kennarar færu með óreyndari í gönguferðir.

Vel gekk að vinna að þessu markmiði. Gönguferðir voru farnar reglulega í útinámi allt skólaárið, að mestu undir handleiðslu reyndari kennara, sem gafst vel og skilaði sér í auknum áhuga barna og starfsmanna.

Fjörufurð

Með það fyrir augum að einfalda skipulag, draga úr kostnaði og fá fjölbreyttari efnivið úr fjöru, lögðum við upp með það í upphafi þessa skólaárs að reyna að finna góða fjöru í okkar nærumhverfi með nægum efnivið til að rannsaka.

Eftir að smá rannsóknarvinnu tókum við ákvörðun um að fara í fjöruna við Geldingarnes í Grafarvogi. Það var gott aðgengi í fjöruna, hún var stór og falleg og þar reyndist ótal margt að skoða og rannsaka. Fyrir fjörufurðina fórum við með börnin í heimsókn í Sjóminjasafnið, sem var mjög fínn undirbúningur fyrir ferðina.

Starfsmenn eru sammála um að þessi breyting var til góðs, álag við undirbúning og framkvæmd var mun minna, sem og kostnaðurinn og almennt var meiri gleði vegna þessa árlega viðburðar.

Vísdomsstundir

Við endurmat á síðasta skólaári var ákveðið að endurskoða vísdomsstundir út frá Reggíóhugsun og áhuga barnanna og sleppa vísdomsbókum, en bjóða upp á verkefni á lausum blöðum. Það er mat okkar að þessi ákvörðun hafi reynst góð, börnin gátu nálgast verkefnablöð eftir áhuga og getu hvers og eins.

Skapandi starf í útinámi

Skapandi starf í útinámi á Grænu deildinni fór fram bæði innan leikskólalóðarinnar og í reglulegum gönguferðum undir handleiðslu kennara. Á leikskólalóðinni hafði sá starfsmaður sem sá um útinám það hlutverk að starta skapandi starfi. Útbúinn var sérstakur skráningarlisti til að halda utan um verkefnið. Góð samvinna var á milli deilda og margt skemmtilegt sem kom út úr þessu verkefni/átaki.



Umbótaáætlun Grænu deildar fyrir starfsárið 2024-2025

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Skapandi starf í anda RE	Betra skipulag á deildinni og aukid flæði (nýta þriðja kennarann betur). Efla fræðslu um starf í anda Reggio Emilia.	Auka umræðu og fræðslu um RE á starfsdögum og deildarfundum. Vera vakandi fyrir tækifærum til umbóta í umhverfinu á deildinni.	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2024-25	Deildarfundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Að starfsmenn hafi öðlast skilning og frekari færni í að starfa í anda Reggíó Emilia. Vel skipulagt umhverfi á deildinni.
Skapandi starf í anda RE - Skráningar	Gera nám barnanna og hæfileika sýnilega með myndrænum og skriflegum skráningum.	Skoða hvað það er sem við erum að skrá, skrá námsferli frekar en viðburði. Senda reglulega skráningar í formi fréttabréfs.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2024-25	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Starfsmenn geti metið og skilið börnin og lærdóm þeirra og áhrifin sem þeir sjálfir hafa.
Tilfinningalega styðjandi umhverfi	Styðja betur við börn sem glíma við hegðunarvanda og/eða vanlíðan. Auka gæði í samskiptum milli barna og milli barna og fullorðinna.	Starfsfólk góðar fyrirmyndir, aðstoði börn í leik og kenni samskipti. Starfsfólk sé á staðnum og grípi inní áður en samskipti verða erfið.	Deildarstjóri Allir starfsmenn	Skólaárið 2024-25	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmatsfundur kennara/stjórnenda	Aukinn félagsþroski og jákvæðari samskipti milli barnanna. Allir starfsmenn virkir þátttakendur. Meiri ró á deildinni.
Vináttu verkefni	Efla jákvæð samskipti og félagsfærni. Forvörn gegn einelti.	Vinna markvisst með vináttuverkefnið fyrir báða hópa.	Deildarstjóri/ hópstjóri	Skólaárið 2024-25	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Aukinn félagsþroski og jákvæðari samskipti milli barnanna.

Mál og læsi	Gæta þess að markviss vinna með Lubba námsefnið dekki ekki niður á Grænu deild.	Gera meira úr Lubbastundum, vinna með efnið á fjölbreyttari hátt. Bæta við <i>Stafagaldur</i> námsefni.	Deildarstjóri/hópstjóri	Skólaárið 2024-25	Deildarfundir Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Að börnin hafi eflst í hlustun og skilningi og aukið orðaforða sinn.
Útinám: Göngutúrar	Gæta að fjölbreytni, efla náttúrulæsi, fækka heimsóknum á leikvelli.	Vanir kennarar fari með öreyndari í gönguferðir. Skipuleggja ferðir og reyna að hafa þær fjölbreyttar.	Deildarstjóri/hópstjóri	Skólaárið 2024-25	Deildarstjórafundir Endurmat kennara og sérkennslustjóra	Aukið náttúrulæsi og áhugi barna og starfsmanna.
Gildis-vinna Á skóladagatali er eitt gildi tileinkað tveimur mánuðum í senn	Vinna markvisst með gildin í á þeim tíma sem þau tilheyra	Hver stjórnandi tekur að sér eitt gildi og safnar saman hugmyndum, efnivið og verkefnum tengdum viðkomandi gildi.	Kennarar	2024-2025	Áður en mánuður viðkomandi dyggðar hefst kynnir kennari hugmyndapakka sem deildar geta unnið með í takt við aldur og þroska hverju sinni	Gildin eru höfð að leiðar ljósi og þeim gefið mera vægi í daglegu starfi.
Stuttur kynningarfundur við deildarskipti	Foreldra barna sem eru að flytja um deild kynnist betur umhverfi og starfsfólki nýju deildar	Haldin er stuttur kynningarfundur þar sem starfsmenn nýju deildar eru kynntir og farið lauslega yfir helstu breytingar á nýrri deild.	Deildarstjórar Rauðu og Grænu deildar	Skólaárið 2024-25	Foreldrakönnuna?	Foreldrar nýrra barna finni fyrir öryggi að börnin flytji milli deilda og þekki starfsfólkið á deildinni.

Innra og ytra mat skólaárið 2023-2024

Innra mat:

Uppeldisfræðilega skráningar og námsbækur barnanna:



Uppeldisfræðilegar skráningar eru mikilvægur þáttur í starfi skólans og í öllu námi barnanna og segja mikið til um líðan og þroska þeirra, hæfni og framgang. Skráningarnar sýna börnum hvers þau eru megnug og efla sjálfsþrótt þeirra og tiltrú á sig sjálf. Skráningarnar eru jafnframt góður grunnur að uppeldislegri umræðu meðal kennara skólans og milli kennara og foreldra barnanna. Skráningar sýna fjölskyldum barnanna og samfélaginu mátt barna og mikilhæfni. Haldið er utan um skráningar (teikningar, ljósmyndir, frásagnir) fyrir hvert barn þar sem sjá má þroska þess og þróun. Í lok hvers skólaárs fær hvert barn námsbók þar sem skráningar, sköpun og ljósmyndir er varða nám og leik barnsins eru bundnar inn. Þannig eiga börnin öll einskonar lífsbók, fyrir hvert leikskólaár. Námsbækurnar eru líka mikilvægt matstæki fyrir kennara þar sem glögglega má sjá þroska og framvindu barnanna í leik og starfi. Foreldrar hafa lýst sérstakri ánægju með að fá námsbækurnar í hendurnar eftir hvert starfsár og skapa þær sérstakt tækifæri til samveru þar sem barnið rifjar upp og segir foreldrum og fleirum frá. Hluti af skráningum eru einnig Sway fréttabréf sem send eru reglulega út til foreldra þar sem þeim gefst færi á að sjá í bæði myndum og ritmáli þau verkefni sem unnið er með hverju sinni.

Mat 4ra og 6 ára barna á skólastarfi

Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsum máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Kennari eða skólastjóri skráir svörin. Barnið er t.d. spurt um hvað það læri í leikskólanum, hvernig góður vinur eigi að vera, hvaða matur sé góður, hvað sé gaman og hvað leiðinlegt í skólanum, hvað kennarar þeirra geri og margt fleira. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af. Foreldrar fá afrit þessa mats.

Niðurstöður gáfu almennt til kynna að börnin eru góðu jafnvægi og líður vel í leikskólanum. Þau eru skapandi og frjó. Okkur þykir alltaf vænt um þegar svör barnanna gefa til kynna að þau hafa lært að vera vinir og gefa svörin það til kynna. Það er skemmtilegt að segja frá því að þegar börnin eru spurð út í fæðið í leikskólanum þá kemur það í ljós ár eftir ár að það er yfirleitt fiskur og grjónagrautur sem er vinsælastur hjá börnunum.

Fyrir liggur að farið verður í umbætur og yfirferð á spurningarlistum fyrir bæðu 4ra og 6 ára börnin.

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks

Nafnlaus matslisti var lagður fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Óskað var eftir ábendingum um námskeið eða símenntun á næsta starfsári eða

eitthvað sem betur má fara í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausu könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun. Starfsmannakönnun var send út að vori og hafði verið stytta og endurbætt til muna eftir ábendingar starfsfólks í könnun ársins á undan.

Niðurstöður könnunarinnar gefa til kynna að starfsfólk er mjög ánægt eða ánægt í starfi sínu, það fær tækifæri til að nýta þekkingu sína í starfi og fær viðeigandi þjálfun. Starfsfólk sýnir hvoru öðru umburðarlyndi og fær stuðning frá næsta yfirmanni/skólastjóra og allir leggja sig fram til að skapa vingjarnlegt og uppbyggjandi starfsumhverfi. Góðar ábendingar og óskir koma einnig fram í starfsmannakönnuninni sbr. hugmyndir að fræðslu fyrir komandi skólaár. Líkt og fyrri ár er mikið lagt uppúr virðingu, gleði og umhyggju meðal alls starfsfólks.

Sameiginleg endurmat

Matið fer fram á samræðum/viðtölum og á deildar- og starfsmannafundum. Deildarstjórar vinna svo sameiginlega úr þeim punktum sem fram eru komnir og gerir hver deild umbætur þar sem við á. Okkur þykir þó mikilvægast að eiga samræður um daglegt starf og meta og bæta úr jafnóðum og draga af þeim lærdóm og bæta úr jafnóðum og koma í gagn.

Endurmat stjórnenda

Endurmatsdagar stjórnenda eru haldnir á bæði haust og vorönn þar sem faglegt starf er yfirfarið og endurmetið. Nú í ár hófu stjórnendur Grænu deildarinnar ásamt sérkennslustjóra störf tveimur dögum fyrir opnun eftir sumarleyfi til að geta sem best verið búin að undirbúa komandi skólaár. Ákveðið var að skipuleggja lengra fram í tímann skipulagsdagana okkar og þegar höfum við sett upp hugmyndir að fræðslu á skipulagsdögum komandi skólaárs. Einnig var ákveðið að skerpa á þema dögum á komandi skólaári s.s. blár dagur á degi einhverfu, öfugsnúinn dagur, glimmer dagur á downs deginum osfrv. Þá verður áfram unnið með vinadaga en þá daga er opið á milli deilda og þykir börnunum það afar skemmtilegt.

Kynningarfundir eru haldnir fyrir foreldrar hvernar deildar eina kvöldstund í byrjun skólaárs. Nýbreytnin á þessu ári var sú að foreldrum barna sem voru að flytja af Rauðu á Grænu var boðið á kynningu síðdegis að vori um starfið á Grænu og þær breytingar sem flutningar milli deilda eiga í för með sér. Almenn ánægja var með þennan fund og stefnt er að því að endurtaka hann á nýju skólaári.

Ytra mat:

Ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasvið fer fram árlega. Spurningarlisti var sendur út í október og síðan heimsóttu eftirlitsaðilar leikskólann 17. nóvember 2023. Það voru þær Aðalheiður Stefánsdóttir og Sigrún Harpa Magnúsdóttir sem komu í heimsókn í Regnbogann og framkvæmdu matið. Niðurstöður heimsóknarinnar voru að gögn s.s. skólanámskrá, starfsáætlun ofl. séu í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum. Rými og aðstaða í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.

Foreldrakönnun

Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun var ekki send út í ár.

Heilbrigðiseftirlit, inni & úti

Katrín Ólafsdóttir kom í eftirlit frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar í október 2023. Nokkrar ábendingar komu og var brugðist við þeim en m.a. þurfti að útbúa læsanlegan skáp í eldhúsi vegna nýs gufuofns og var fenginn blikksmiður í verkið hratt og vel.

Þá kom Kolbrún Georgsdóttir í eftirlit á lóð Regnbogans í lok maí 2024 og gaf í kjölfarið út skýrslu um reglubundið eftirlit með lóð skólans.

Starfsþróunarsamtöl, fræðsla og skipulagsdagar

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum, Regnboganum er aldrei lokað vegna þeirra og fyrir þá er greidd yfirvinna.

Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 2023-2024 verður laugardaginn 14. september. Á þessum fyrsta skipulagsdegi verður farið yfir fasta liði í menningu Regnbogans og mikilvæga þætti í mannauðsmálum s.s. trúnaðareið o.fl. Þá mun sérkennslustjóri skólans, Kristbjörg Ingimundardóttir, halda fyrirlestur um hlutverk starfsfólks í leik.

Skipulagsdagar og námskeiðsdagar eru að jafnaði 7-8 á ári og eru skipulagðir jafnóðum nema námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdísí Stoorgard sér um og er áætlaður í ársbyrjun 2024. Námskeið um slysavarnir er haldið árlega og þarf starfsfólk að sækja námskeiðið annað hvert ár. Foreldrum er alltaf boðið á námskeiðið.

Þá munum við áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og efla fagmennsku í öllu starfi Regnbogans. Við skipulagið verður m.a. horf til óska starfsmanna um fræðslu og endurmenntun.

Drög að áætlun um símenntun í leikskólanum:

- Námskeið sbr. ofangreint, á fyrsta skipulagsdegi í september.
- Stefnt er að fyrirlestri um tilfinningalega styðjandi umhverfi og mikilvægi fyrstu ára í lífi barna.
- Slysavarnarnámskeið barna með Herdísí Storgaard hefur verið skipulagt í byrjun febrúar en allt starfsfólk Regnbogans situr slík námskeið að lágmarki annað hvert ár. Foreldrar eru boðnir sérstaklega velkomnir á þetta námskeið með starfsfólki.
- Í mars verður haldinn skipulagsdagur með sérstaka áherslu á útinám barna.
- Námskeið, ráðstefnur og málþing verða í boði eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir hjá starfsfólki.

- 1 eða fleiri starfsmenn fari á námskeið á vegum Barnaheilla um Vináttu til upprifjunar

Umbótaáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025

Umbótaþáttur/ matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Starf í anda Reggíó Emilía	Allan ársins hrinig metum við starfshætti leikskólans í takt við skapandi starf í anda Reggíó Emilía		Deildarstjórar	2024-25	Deildarfundir Deildarstjórufundir Fagfundir	Starfið í leikskólanum takt við Reggíó Emilía stefnuna þar sem áherslan er á flæði og ferlið sem barn fer í gegnum í námi sínu.
Gildis-vinna Á skóladagatali er eitt gildi tileinkað tveimur mánuðum í senn	Vinna markvisst með gildin á þeim tíma sem þau tilheyra	Hver stjórnandi tekur að sér eitt gildi og safnar saman hugmyndum, efnivið og verkefnum tengdum viðkomandi gildi.	Kennarar & stjórnendur	2024-2025	Áður en mánuður viðkomandi dyggðar hefst kynnrir kennari/ stjórnandi hugmyndaþakka sem deildar geta unnið með í takt við aldur og þroska hverju sinni	Gildin eru höfð að leiðar ljósi og þeim gefið meira vægi í daglegu starfi.
Uppbrotsdagar	Festa betur í sessi hvaða daga við ætlum að hafa og merkja á skóladagatal. S.s. litadaga, uppákomur og fleira svo það gleymist ekki yfir árið.		Stjórnendateymi	Skólaárið 2024-25	Deildarstjórufundir	
Undirbúningur fyrir nýtt skólaár	Stjórnendur fá rýmri tíma til að undirbúa starfið á komandi skólaári	Bæta við einum starfsdegi stjórnenda við upphaf skólaárs	Skólastjóri	Skólaárið 2024-25	Deildarstjórufundir	Stjórnendur komi vel undirbúnir inn í skólaárið og minna álag við að koma öllu stand á fyrsta degi.
Skipulagsdagar	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri skipuleggja dagskrá betur fram í tímann	Fundað í upphafi skólaárs og sett upp áætlun	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri	Skólaárið 2024-25	Deildarstjórufundir	Skipulagsdagar eru vel skipulagðir og undirbúnir fram í tímann.
Örviðtöl	Deildarstjóri og starfsmaður fá tækifæri til að spjalla saman í ró og næði. Farið yfir tækifæri til vaxtar,	Markmiðið er að örviðtöl séu tekin að hausti og annað í janúar/febrúar.	Deildarstjórar	Skólaárið 2024-25	Starfsmannakönnun	Aukin starfsánægja og að starfsmenn upplifi að þeirra rödd skipti máli og hafi áhrif.

	þjálfunar og starfsþróunar.					
Stuttur kynningarfundur við deildarskipti	Foreldra barna sem eru að flytja um deild kynnist betur umhverfi og starfsfólki nýrrar deildar	Haldinn er stuttur kynningarfundur þar sem starfsfólk nýrrar deildar eru kynntir og farið lauslega yfir helstu breytingar	Deildarstjórar Rauðu og Grænu deildar	Skólaárið 2024-25	Foreldrakönnun	Foreldrar nýrra barna finni fyrir öryggi þegar börnin flytja milli deilda og þekki starfsfólkið á deildinni.
Útileiksvæði	Skóða hvernig við getum nýtt lóðina og þann efnivið sem best.	Breyting á kastala, nýta hluta af kastala td. Brú á öðrum stað, skilja turna eftir og fjarlægja rennibraut.	Skólastjóri í samvinnu við fagfólk skólans	2024-2025	Metið eftir framkvæmdir hvernig til tókst.	Hættuminna og fjölbreyttara leikumhverfi.

Samstarf

Samstarf leik- og grunnskóla

Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla líkt og áður auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, á bókasafn, skólasel og íþróttahús. Að vori eru haldnir skilafundir til skiptist í Regnboganum og Ártúnsskóla. Skólastjóri átti gott samstarf við Guðrúni Báru aðstoðarskólastjóra Ártúnsskóla.

Samstarf við Tónskóla Sigursveins

Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a. í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Í ár var lögð áhersla á tónlist eftir hljómsveitirnar Spilverk þjóðanna og Stuðmenn ásamt Valgeiri Guðjónssyni tónskáldi og sungu börn úr elsta árgangi lög eftir þau á Barnamenningarhátíðinni í Hörpu. Foreldrar þeirra fengu sent boðskort á tónleikana.



Dansnámskeið

Árlega býður Regnboginn börnum og starfsfólki upp á dansnámskeið. Í ár sá Jóhanna Einarsdóttir um danskennsluna en hún hefur um árabil séð um kennsluna hjá okkur. Dansnámskeiðið fer fram á föstudagsmorgnum í janúar og febrúar ár hvert.

Tónlistanámskeið

Í ár fengum við til okkar þær Sunnu Karen Einarsdóttur og Björgu Þórsdóttur með tónlistarnámskeið, en á námskeiði eru hljóðfæri kynnt og mikið sungið. Sunna Karen og Björg eru báðar þaulreyndir kórstjórar hjá Langholtskirkju. Námskeiðið þeirra fór fram á fimmtudögum í nokkrar vikur og tóku þær hvern árgang fyrir sig í einu í tónlistarstund.

Foreldrasamvinna

Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi og lítum við svo á að dagleg samskipti milli foreldra og starfsfólks leggi grunninn að því. Í Regnboganum viljum við að gildin okkar *virðing – gleði og umhyggja* endurspeglast í öllum samskiptum innan leikskólans, við börnin, milli starfsmanna og við foreldra.

Foreldrafundir voru haldnir í upphafi nýs starfsárs og þá er kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hvernar deildar er kynnt í máli og myndum sem og annað það sem fyrir liggur. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur foreldrum sem gefa kost á sér til starfa í foreldraráðið.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli barnanna til að dreifa þeim yfir árið og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til, viðtöl eða samband með tölvupósti. Mikilvægust teljum við þó alltaf daglegu samskiptin vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Foreldra- og skólaráð er samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrjár aðalfulltrúar eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum, á síðasta skólaári voru 7 fulltrúar í ráðinu. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Samstarf skólans og foreldraráðs er um slysavarnanámskeið sem við höldum ár hvert fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð sem alltaf er farin á laugardegi að vori svo fjölskyldur barnanna eigi gott með að komast með, um opið hús, sameiginlega leikhúsferð, grillveislur og margt, margt fleira. Auk þess hefur foreldra- og skólaráðs staðið fyrir fræðslufundum en í febrúar í ár stóð foreldraráð fyrir fyrirlestri sálfræðings á PMTO námskeiðum.

Lokaorð

"The wider the range of possibilities we offer children, the more intense will be their motivations and the richer their experiences."

Loris Malaguzzi - Reggio Emilia founder



Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfslíði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Við vonumst til að áherslur okkar í starfi séu vel sýnilegar í þessari samantekt.

Það hefur verið bæði lærdómsrík og krefjandi að takast á við skólastjórnunina þetta skólaárið og geng ég full tilhlökkunar inn í nýtt skólaár.

Börn eru merkilegt fólk!

Reykjavík ágúst 2024

Sigríður Dröfn Ámundadóttir

Leikskólastjóri

Fanney Guðmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri

Fylgiskjöl

- Umsögn foreldraráðs
- Samstarf leik- og grunnskóla, sambærilegt sl. árum
- Skóladagatal

Innra mat sérkennslu

Skipulagning sérkennslu 2023-2024

<p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Skipulag sérkennslu er ávallt metin út frá hverju barni. Lögð er áhersla á að barn sem þarf sérstakrar þjálfunar sé hluti af barnahópnum og taki þátt í öllu starfi með öðrum börnum. Einstaklingsþjálfun fer fram bæði inni á deild og utan deildar eitt með kennara og í litlum hópum, eftir þörfum hvers barns.</p> <p>Skráning á þjálfun fer eftir hverjum einstaklingi.</p> <p>Notuð eru eyðublöð til útfyllingar með einstaklingum sem þurfa mikla þjálfun en önnur þjálfun eins og málörvun er skráð eftir hvern tíma þar sem metin er hvernig hefur gengið og hvort endurtaka eigi sama næst eða bæta einhverju við.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Færnilistar sem notaðir eru til að meta stöðu barna og framfarir eru AEPS, Tras, Efi2, Íslenski mállhjódamælirinn, Hljóm-2. AEPS færnilisti er notaður til að meta stöðu og framfarir barns og skipuleggja þjálfun þeirra barna sem þurfa frekari þjálfun. AEPS listar eru unnir í samvinnu við foreldra. Fleiri matsblöð eru notuð þegar meta þarf þroska frekar í samvinnu við sérfræðinga hjá þjónustumiðstöð eins og t.d. Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn og Gátlisti fyrir málþroska.</p> <p>EFI-2 málþroskaskimun er lagður fyrir börn á fjórða ári og notaður til að skipuleggja málörvun í þeim hóp. Ef barn kemur slakt út á EFI-2 er hafin samvinna við foreldra og síðan lagt fyrir aftur eftir nokkra mánuði til að meta framfarir og hvort þörf er fyrir frekari þjálfun eða sérfræðiaðstoð.</p> <p>Íslenski mállhjódamælirinn hefur verið lagður fyrir þau börn sem vantar upp á framburð. Einnig er hann lagður fyrir öll börn á næst síðasta ári í leikskóla til að meta</p>

	<p>hvað mállhljóð séu enn ekki komin, svo hægt sé að þjálf þau áður en þau fara í grunnskóla. Íslenski mállhljóðamælirinn er einnig notaður til að meta hvort þörf sé á að sækja um mat hjá talmeinafræðingi.</p> <p>Hljóm2 er lagt fyrir börn á síðasta ári í leikskólanum þar sem færni er metin í hljóðkerfisvitund. Ef það vantar upp á færni í einhverjum þáttum þá er hægt að vinna þá í samvinnu við foreldra áður en barnið byrjar í grunnskóla. Skimunin er lögð fyrir um haust og svo aftur eftir áramót fyrir þau börn sem eru með slaka færni. Niðurstöður í Hljóm2 eru sendar í grunnskóla hvers barns.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Í Regnboganum er unnið með námsefni eins og Lubbi finnur málbein, Vinaverkefni barnaheilla um Blæ, Mállhljóðakassinn, ýmis forrit í Ipad eins og t.d. Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Georg og félagar, ýmis skynjunar forrit og flokkunar forrit.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Framburð	Meta framburð allra barna í leikskólanum.	Leggja íslenska mállhljóða mælinn fyrir öll börn á næst síðasta ári í leikskólanum og fyrir fyrir börn sem	Kristbjörg sérkennslustjóri.	Janúar 2025	Júní 2025	Íslenski mállhljóðamælirinn lagður fyrir börnin.	Leggja fyrir öll börn á næst síðasta ári í leikskóla. Fyrr fyrir þau börn sem við

		<p>eru greinilega óskýr í tali.</p> <p>Þannig að hægt sé að meta þörf á þjálfun og mati talmeinafræðinga.</p>					teljum sérstaka þörf fyrir.
Þjálfun starfsmanna á að nýta sér náttúrulega kennslu.	<p>Auka færni og þekkingu starfsmanna á að þjálfa börn í gegnum leik, í málörvun, félags- og leikfærni.</p> <p>Var á umbótaáætlun fyrir síðasta ár en ekki tókst að gera það nægilega markvisst.</p>	Náttúruleg kennsla. Starfsmenn fylgjast með þjálfun sem fer fram í gegnum leik.	Kristbjörg sérkennslustjóri	Haust 2024	Vor 2025	Umræður á deildarfundum.	Umræður á deildarfundum.

Innra mat - fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni hefur verið úthlutað í námsgögn eins, Ipad og námsforrit í Ipad, spil og skynjunardót.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lesið er fyrir börnin daglega og unnið markviss með orðaforða m.a. í gegnum námsefnið Lubbi finnur málbein. Börn sem þurfa á sérstakri málörvun að halda eru í málörvunarhópum þar sem unnið er út frá

	<p>þörfum hvers og eins barns. Þau eru einnig í minni hópum í lestrarstundum svo hægt sé að styðja betur við málið hjá þeim.</p> <p>Notuð er aðferðin Gefðu 10 fyrir börn með fleiri en eitt tungumál auk annarra barna sem eru slök í mál- eða félagsþroska.</p> <p>Þar sem nokkuð mörg börn hafa þörf á málörvun þennan veturinn þá höfum við unnið með Gefðu 10 fyrir 2-3 börn í einu á hverri deild í 2-3 vikur í einu og síðan skipt. Þannig hefur það gengið betur að halda utan um það og við sjáum að auðveldara er að standa við þau markmið sem sett eru.</p>
<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Markvisst er unnið með Lubbi finnur málbein alveg frá því að börnin byrja í leikskólanum og er það útfært eftir aldri og þroska. Við erum stöðugt að meta og breyta og bæta okkur í vinnu með námsefnið um Lubba sérstaklega á elstu deildinni. Þar hafa þau flest unnið með efnið frá því þau voru á Gulu deild og hafa flest náð góðri færni í því.</p> <p>Les- og samverustundir eru nýttar vel í að auka orðaforða barnanna, þar er lögð áhersla á umræðu um flókin orð og börnin eru hvött til að spyrja um orð sem þau skilja ekki.</p> <p>Lögð er áhersla á að tala mikið við börn og að þau heyri ríkulegan orðaforða í öllum aðstæðum í leikskólanum. Gefðu 10 kemur þar líka inn fyrir ákveðinn hóp barna sem eru fjöltyngd eða önnur börn sem eru slök í málþroska.</p> <p>Mikið er unnið með texta og þulur þar sem áhersla er lögð á skilning og aukinn orðaforða.</p> <p>Börnin fá þjálfun í að segja frá fyrir framan vini sína.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</p>	<p>Notast er við orðaforðalista menntamálastofnunar sem viðmið við hvaða hugtök börn eiga hafa á valdi sínu</p>

<p>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>miðað við aldur. Við notum Tras, Efi2, AEPS og Hljóm til að fylgjast með framförum og endurmeta þjálfun.</p> <p>Sérkennslustjóri nýtir hæfniramma til að meta getu og fylgjast með framförum fjöltyngdra barna. Stefnt er á að nýta það meira markvisst næsta vetur.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Tras, EFI-2, íslenski máhljóðamælirinn og AEPS eru notuð til að meta alla þessa þætti og eru notað til að skipuleggja málörvun og frekari þjálfun barna sem þurfa á því að halda.</p> <p>Áhersla er lögð á að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfi barnanna.</p> <p>Unnið er með málvitund og hljóðkerfisvitund frá upphafi leikskólagöngu sem er svo útfærð og aukin eftir aldri og þroska barnanna.</p> <p>Börnin fá reglulega tækifæri til að æfa tjáningu og frásöng bæði eitt fyrir kennara og fyrir framan önnur börn. Í umræðu og sögugerð, auk þess sem börnin fá að koma upp í samverustundum til að segja frá til skiptis. Í söngstundum fá börnin að koma upp og syngja eða stýra söng eitt eða með öðru barni, þar sem þau fá æfingu í framsögn og að fara með söngtexta.</p> <p>Auk þess sem börn með slaka frásagnafærni fá aukna þjálfun í frásögn í einstaklingsþjálfun.</p> <p>Unnið er með vinaverkefni frá Barnaheillum, um bangsann Blæ. Þar er mikið rætt um tilfinningar og börnin æfð í félagsfærni með sögulestri, umræðum og æfingum.</p> <p>Þegar unnið er sérstaklega með barni sem þarf aukna þjálfun í hverju sem er, þá er ávallt reynt að vinna út frá styrkleikum og áhuga barnanna.</p>

Umbótaáætlun - fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Móttökuáætlun barna af erlendum uppruna	Bæta móttöku barna og foreldra af erlendum uppruna, sem ekki náðist að ljúka við á síðasta starfsári.	Ljúka við að búa til markvissari móttökuáætlun fyrir foreldra og börn af erlendum uppruna	Kristbjörg sérkennslu- stjóri	Haust 2024	Vor 2025		
Mat á stöðu fjöltyngdra barna	Halda betur utan um stöðu fjöltyngdra barna bæði í tungumálinu og félagslega.	Halda áfram að nota hæfniramma og gera það enn markvissara til að meta stöðu og framfarir.	Kristbjörg sérkennslu- stjóri	Haust 2024	Vor 2025	Fylla út hæfnisramma	Meta árangur þegar fyllt er út aftur.

Samkvæmt 2. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um markmið leikskólastarfs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt 11. grein sömu laga segir um hlutverk foreldraráða

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans

Fulltrúar foreldra í stjórn foreldra- og skólaráðs Regnbogans skólaárið 2023-2024 hafa kynnt sér skýrslu leikskólastjóra og samantekt þess skólaárs sem nú er á enda og drög að starfsáætlun næsta skólaárs 2024-25.

Skýrslan lýsir mjög vel því fjölbreytta og öflugra starfi sem fram fer í leikskólanum. Megin stöðirnar í starfi Regnbogans, *tilfinningalega styðjandi umhverfi, mál og lesþroski og skapandi starf* eru afar sýnileg í starfi deilda Regnbogans en taka um leið mið af þroska barnanna á hverjum tíma. Námsefnið "Lubbi finnur málbein", sem unnið er með á öllum deildum Regnbogans, allt frá yngstu börnunum á Gulu deild til eldri hóps á Grænu deild, og nálgun kennara leikskólans að því námsefni sem og öðru kennsluefni styður vel við læsi barnanna í víðum skilningi. Að sama skapi vinna allar deildir markvisst með skapandi starf þar sem sjálfstæði barnanna og frjálst flæði er í fyrirrúmi. Að auki hefur Regnboginn haldið áfram að vinna með vináttu í gegn um Vináttuverkefni Barnaheilla sem hefur styrkt tilfinningalegan þroska barnanna á öllum stigum.

Kennarahópur Regnbogans er einstaklega hæfur og metnaðarfullur og leggur sig fram í endurmenntun. Kennarar sýna börnunum virðingu í öllu sínu starfi, sem og hlýju. Sést það sem dæmi á því hvernig börnunum er heilsað og þau kvödd með nafni, en allir kennarar þekkja öll börnin. Hópurinn vinnur líka mjög vel saman sem tryggir samfellu í námi barnanna frá því þau hefja leikskólagöngu við 12-18 mánaða aldur. Allt starfið leggur grunn að áframhaldandi skólagöngu barnanna og börn sem útskrifast úr Regnboganum eru vel undirbúin undir grunnskólagöngu.

Foreldrar eru vel upplýstir um starfið sem fer fram í Regnboganum og regluleg fréttabréf með myndum sem sýna börnin að störfum eru mikilvæg fyrir foreldra. Foreldraviðtöl eru einnig hnitmiðuð og fagleg og gefa vel til kynna stöðu barnsins á hverjum tíma.

Húsnæði skólans er vel við haldið og mikið lagt upp úr því að það mæti þörfum barnanna og styðji við starf skólans. Skólalóðin tekur einnig mið af þörfum barnanna og styður vel við áherslu Regnbogans um skapandi starf í leikskólanum, þ.á.m. í útiveru. Byggingin og umhverfið gefur börnunum færi á að kanna umhverfi sitt á öruggan hátt.

Undirrituð er sjálf með tvö börn á sitthvorri deildinni á Regnboganum og gæti ég ekki verið ánægðari með hvernig staðið er að öllum málum. Undirrituð er einnig starfandi skólasálfræðingur, þar sem ég sinni hinum ýmsu leikskólum og hef því ákveðinn samanburð. Þvílík lukka að hafa fengið pláss á Regnboganum.

Að mínu mati nær Regnboginn markmiðum sínum um að hvert barn þar öðlist:

Góðan almennan þroska
Tilfinningalega færni
Sterka sjálfsvitund
Sjálfsaga
Hæfni í samskiptum
Skapandi færni
Frjóa hugsun

Fyrir hönd foreldraráðs

Karitas Ósk Björqvinsdóttir

formaður 2023-2024



Samstarf

Ártúnsskóla og Regnbogans 2024-2025

Skólarnir hafa gert með sér samning um samstarfi sem miðar að því að auka samskipti og samvinnu skólanna. Markmiðið er að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskóla og að bjóða grunnskólanemum í heimsókn í leikskólann og lesa fyrir yngri börn.

Í vísdómshópi Regnbogans eru 14 börn í vetur fædd árið 2019.

Á skólaárinu 2024-2025 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

Skólahópur - heimsóknir:

- Vísdómshópur Regnbogans mun heimsækja 1. bekk Ártúnsskóla (hitta gamla félagi), **fimmtudagana 14. og 21. nóvember** (7 börn í annað skiptið og 7 börn í hitt skiptið). **Gestirnir koma kl. 9:05**, taka þátt í kennslustund, borða nesti (leikskólinn útvegar þeim nesti) og fara út í frímínútur.
- Vísdómshópur Regnbogans kemur á Föstudagssamveru 2. bekkjar **29. nóvember kl. 8:25**.
- Nemendur úr **4. LR** í Ártúnsskóla koma í heimsókn á Regnbogann **fimmtudagana 9. og 16. janúar kl. 9:05** og lesa fyrir leikskólabörnin. (Nemendur í 4. bekk eru 22 og fara því hálfur hópur í einu í heimsóknina).
- Vísdómshópur mun jafnframt koma í tvö skipti í sögustund á **skólasafn** Ártúnsskóla, **miðvikudagana 12. og 19. mars kl. 9:05** (hálfur hópur kemur í senn).
- Vísdómshóp er boðið í heimsókn í Skólasel, frístundaheimili Ártúnsskóla **miðvikudaginn 9. apríl kl. 9:05**.

Íþróttahús - heimsóknir

Leikskólinn Regnboginn hefur aðgang að íþróttasal Ártúnsskóla á þriðjudögum 10:45 - 11:25.

Skilafundur:

Skilafundur eru 1 x á ári undir lok skólaárs. Fundirnir eru til skiptis í skólunum til að efla samstarf og til að kennarar kynnist betur og þekki aðstæður barnanna í báðum skólum. Regnboginn skilar þá lista með nöfnum þeirra barna sem fara í Ártúnsskóla og skriflegum upplýsingum varðandi börn sem fengið hafa einhverskonar greiningu eða stuðning.

Næsti skilafundur er fimmtudaginn 8. maí á Regnboganum kl. 10

eða samkvæmt nánari ákvörðun síðar.

Ártúnsholti í september 2024

Guðrún Bára Gunnarsdóttir, aðstoðarskólastjóri Ártúnsskóla
Sigríður Dröfn Ámundadóttir, leikskólastjóri Regnbogans

Pema eða viðfangsefni hverrar árstíðar tengist því sem fangar athygli barnanna hverju sinni og getur staðið í einn dag, eina viku, einn mánuð eða lengri tíma í senn.



Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Skóladagatal 2024-2025

September	Oktober	November	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst
1	1 Foreldraráðsf.	1	1 Fullveldi Íslands	1 Nýársdagur	1 Slysav.námsk. 8-12	1 Árhátíð	1	1. Dagur verkal.	1	1	1 Sumarleyfi
2	2	2 Lestrarsprettur	2	2	2	2	2	2	2	2	2
3 Græna kl. 20.00	3	3	3	3 Danskennsla hefst	3	3 Regnboginn 22 ára,	3	3	3	3	3
4	4	4	4	4	4	4 Sprengidagur	4	4.	4	4 Starfsm.grill	4 Frid.versl.manna
5	5	5	5	5	5	5 Öskudagur	5	5	5	5	5 Sumarleyfi
6	6	6 Græna ö/a kaffi	6 Jól í tösku	6 Prettándinn	6	6	6	6	6	6	6 Sumarleyfi
7.	7	7	7	7	7 Dans	7	7	7	7	7	7 Sumarleyfi
8	9	8. Jól í skókassa	8	8	8	8	8	8	8 Hvítasunnudagur	8	8 Sumarleyfi
9	9	9	9	9	9	9	9	9	9 Annar í Hvítasunnu	9	9
10 Rauða kl.20.00	10	10.	10	10 Dans	10	10	10.	10	10	10	10
11	11 Starfsd.stjórne	11	11	11 Skipul.dagur	11	11 Rauða fore.kaffi	11 Gulur dagur	11 Mæðradagurinn	11	11. Sumarleyfi	11 Sumarleyfi
12	12.	12	12	12	12	12	12	12	12	12.	12 Sumarleyfi
13	13	13	13 Litu jól +fore.kaffi	13	13	13	13 Pálmasunnudagur	13	13	13	13 Sumar/Sjórn.f.
14 Skipul.dagur	14	14	14	14	14 Dans	14	14.	14	14	14. Sumarleyfi	14 Nýtt skólaár hefst
15.	15	15 Lubbaspretti lýku	15	15	15	15 Skipulagsdagur	15.	15	15	15. Sumarleyfi	15
16	16	16 dagur ísl.tungu	16	16	16	16	16	16 Grænn, endurmatsd	16	16 Sumarleyfi	16
17 Gula kl. 20.00	17	17	17	17 Dans	17	17 Tannverndarvika	17 Skírdagur	17	17 Lýðveldisdagurinn	17 Sumarleyfi	17
18	18 Bleikur dagur	18 S	18	18	18	18	18 Föstud.langi	18.	18	18 Sumarleyfi	18
19	19	19	19	19	19	19	19.	19	19 Kvenréttindadagur	19 Sumarleyfi	19
20.	20	20	20	20	20	20 Alþjóðl.tannv.dagur	20 Páskadagur	20	20	20	20
21	21	21	21	21	21	21 Downsdagurinn ,	21 Annar í páskum	21 Útskriftarferð	21	21 Sumarleyfi	21
22	22	22	22	22	22	22 ósamstæðir sokkar	22.	22.	22	22 Sumarleyfi	22
23	23	23 Skipulagsdagur	23 Þorláksmessa	23	23 Konudagurinn	23	23	23	23	23 Sumarleyfi	23
24	24	24	24 Aðfangadagur	24 Þorramatur, bóndadagur	24	24	24 Sumard.1/Opið hús	24 Sveitaferð Miðdal	24	24 Sumarleyfi	24
25	25 Bangsa + nátt	25	25 Jóladaur	25	25	25	25	25. kl. 10.30	25	25 Sumarleyfi	25
26	26 Fyrsti vetrardag	26	26 Annar í jölum	26	26	26	26	26.	26	26 Sumarleyfi	26
27 Haustlitadagur	27 Alþj.l.bangsada	27	27 Lokað	27	27	27	27	27. útskrift elstu barna	27	27	27
28.	28	28	28	28	28	28 Dagur einstakra barna	28	28	28.	28 Sumarleyfi	28
29	29	29	29	29	29	29	29.	29 Uppstigningadagur	29	29 Sumarleyfi	29
30	30	30	30 Lokað	30	30	30	30	30. Víkingasveit hefst	30	30 Sumarleyfi	30
	31		31 Gamlársdagur	31 Dans		31		31		31 Sumarleyfi	31
Vinátta		Hugrekki		Umburðarlyndi			Virðing		Umhyggja		Gleði

Hver dyggð á sér 2 mánuði í skóladagatalinu

SSSK (Sjálfstæðir skólar)

Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra

Foreldraviðtöl eru skipulögð í námunda við afmæli barnanna og að ósk foreldra og kennara

Dansnámskeið í jan. og feb- Jóhanna

Þórdís kemur 6 des. kl. 9:15 og litu jólin og fore.kaffi vikuna á eftir eða 13. des

Slökkviliðið heimsókn til elstu barnanna ?

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna.

Að leggjast í víking merkir að fara víða sjá, nema og forframast

Ekki er lokað á skipulagsdögum en þeir unnir á laugardögum

Einkunnarorð Regnbogans eru: **Börn eru merkilegt fólk**

Gildi Regnbogans eru: Virðing - Gleði - Umhyggja